

Reykjavík 22.11.07.

**Umsögn stjórnar FSSS um tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.
Þskj. 118 – 117. mál.**

Menntamálanefnd Alþingis,
Þorvaldur Ingvarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Björn Valur Gíslason, Þuríður Backman, Einar Már Sigurðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Höskuldur Þórhallsson og Birkir J. Jónsson alþingismenn.


Ágætu flutningsmenn.

Stjórn Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara (FSSS) styður þingsályktunartillögu um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri heilshugar.

Til viðbótar við greinargerð þingsályktunarinnar vill stjórn FSSS jafnframt benda á að mikill skortur er á sjúkraþjálfurum um land allt og er það skoðun stjórnar að Háskólinn á Akureyri henti vel fyrir nám í sjúkraþjálfun, bæði grunn- og viðbótarnám.

Nám í sjúkraþjálfun í Háskólanum á Akureyri væri góð viðbót og örvun við nám í sjúkraþjálfun sem fram fer í Háskóla Íslands.

Virðingarfyllt



Kristján Hjálmar Ragnarsson formaður FSSS